



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Engjaborg

Starfsáætlun 2021 – 2022



Vellíðan – Virðing – Sköpun

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
2.1	Ytra mat	7
2.2	Foreldrakönnun	7
2.3	Starfsmannakönnun	8
3	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	9
3.1	Innra mat Vesturengi.....	12
3.2	Innra mat Norðurengi	14
3.3	Innra mat Austurengi.....	16
3.4	Innra mat Suðurengi	18
4	Innra mat sérkennslu.....	20
5	Innra mat – Fjöltýngd börn.....	21
5.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltýngdra barna 2020-2021	21
5.1	Umbótaáætlun – fjöltýngi 2021-2022	21
6.	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
6.1	Starfsþróun leikskólaárið 2020 -2021.....	22
6.2	Starfsþróun leikskólaárið 2021 – 2022 – Áætlun	22
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
7.1	Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2021 – 2022	23
8	Foreldrasamvinna.....	25
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
10	Fylgigögn.....	26



Gildi leikskólans Velliðan – Virðing – Sköpun

1. Greinargerð leikskólastjóra

Eflaust væri hér hægt að skrifa heilmikið um áhrif Covid19 á leikskólastarfið þetta leikskólaárið. Það hefur litað allt starf leikskólans og haft mikil áhrif á börn, starfsfólk og foreldra. Við höfum í Engjaborg haft það að leiðarljósi að láta það ekki hafa meiri áhrif á leikskólastarfið en brýn nauðsyn er og er sú leið líka valin við gerð þessarar áætlunar.

Í Engjaborg hefur þetta leikskólaár einkennst af breytingum og tilraunum í starfseminni. Við höfum valið fyrir hvað við ætlum að standa og skerpt línurnar, við höfum breytt dagskipulagi leikskólans töluvert, einnig hafa vinnutímar starfsfólks breyst í samræmi við styttri vinnuviku. Þessar breytingar höfðu það í för með sér að sumt af því sem var markmið í síðust áætlun féll niður eða því var fundinn nýr farvegur í nýju skipulagi.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á dagskipulagi eru þessar helstar; samverustundir eru í minni hópum og þannig fá börnin frekar samverustund við sitt hæfi og kennarar ná betur að hlusta á þau og þau hafa meiri áhrif á starfið í leikskólanum sínum. Börnin fara í minni hópa í fataherbergið og þannig fá börnin bæði rými og tíma til að efla sjálfshjálpi sína og betra aðgengi að kennara þegar þau þurfa á aðstoð að halda. Í vetur var hópastarfið eftir samverustundir, þá fór hluti af barnahópnum út en hinn var inni, þetta gaf börnum meira rými og næði til að vinna í sínum verkefnum, bæði úti og inni. Næsta vetur er áætlað að innleiða Könnunaraðferðina í hópastarfið.

Mikil tími hefur farið í að þróa flæðið sem í vetur var eftir hádegi og í sumar færðist það út og er þá fyrir hádegi. Flæði á að gefa hverju barni tækifæri til að vinna að áhugasviði sínu og allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi. Mikilvægt er að starfsfólk bjóði upp á það sem því þykir skemmtilegt og geri viðfangsefni þannig spennandi og áhugavert. Flæðið er enn í þróun og spennandi að sjá hvert sú þróun leiðir okkur.

Verkefnið Lubbi og Blær hafa verið viðloðandi starfið í Engjaborg í nokkurn tíma en aðeins ákveðnir starfsmenn sem höfðu þekkingu á þeim. Áhugi var hjá starfsfólki og börnum að hafa þá með í starfinu og því var þeim bætt í dagskipulagið okkar. Starfsfólk hefur farið á Blænámskeið og er stefnt á að allir fari fyrir næstu áramót. Í vetur voru þeir Lubbi og Blær með á öllum deildum og næsta vetur ætlum við að tengja þá félag inn í allt starf leikskólans.

Eftir áramót var settur hiti í gólfíð á þremur deildum og í sal leikskólans og er óhætt að segja að sú framkvæmd hafði mikil áhrif á umhverfi leikskólans, allt varð bjartar og hlýlegra. Við þessar framkvæmdir var farið í breytingar á innréttingum á deildum og 25 ára gömlum þungum húsgöngum skipt út fyrir önnur léttari og meðfærilegri. Við ætlum að halda áfram að hugsa vel um umhverfi barna í leikskólanum, nota myndrænar vísbendingar og sýna verk barnanna upp á veggjum. Áhugi kviknaði fyrir því að stíga Græn skref hjá starfsfólki og ætlum við að stíga það fyrsta strax í haust. Í síðustu starfsáætlun kom fram að gera ætti teymi með ákveðin markmið, þetta hefur reynst okkur mjög vel í breytingunum og verður áframhald á þessu. Á vormánuðum fórum við í svokallaða fundarröð en þá voru afmörkuð málefni tekin fyrir. Við ætlum að hafa tvær fundaraðir á næsta leikskólaári og taka þá fyrir þau málefni sem efst eru á baugi þá stundina.

Þegar þetta er skrifað hefur nýlega komið jákvætt svar við um styrk í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Lítill tími er gefin til að undirbúa það verkefni fyrir skil á þessari áætlun en því er gefið mikið pláss þó hugmyndirnar séu enn ómótaðar. Starfsfólk Engjaborg er þakklátt og spennt fyrir þessari styrkveitingu og lítur björtum augum til framtíðar.

Pála Pálsdóttir leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Þetta leikskólaár ákváðum við að fara nýjar leiðir í innra mati og vera með símat þar sem allt starfsfólk kemur að, verkefni voru metin og strax farið í úrbætur. Börnin tóku þátt í mati þegar breyta átti dagskipulagi leikskóla, en finna þarf leiðir til að þau taki oftari þátt og að fá foreldra með að borðinu. Þessu er hér vísað til Matsteymis.

Teymi

Í síðustu starfsáætlun kom fram að gera ætti teymi með ákveðin verkefni í huga. Þetta var gert og hefur reynst okkur mjög vel í breytingunum og verður áframhald á þessu. Teymin byrjuðu á að setja sér markmið og unnu eftir þeim. Misjafnt var hversu oft teymi hittust, allt eftir því hvaða málefni var efst á baugi. Allt starfsfólk var í einu teymi og valdi það eftir áhugasviði, einn úr stjórnendateyminu var í hverju teymi og verkefnastjóri sá um að halda utan um fundagerðir og þá vinnu sem ákveðin var á fundunum, allt starfsfólk gat komið með athugasemdir til teymisins. Á teymisfundum voru verkefni endurmetin og komið með hugmyndir að úrbætum sem settar voru í framkvæmd jafnóðum.

Í vetur hittist flæðisteymið, hegðunarteymið og útiveruteymið oftast en sköpunarteymið sjaldnast. Mats og skráningateymi var sameinað og matsalsteymi og grænskrefateymi urðu til. Teymin kynntu breytingar með fundargerðum og á deildarstjórafundum, deildarfundum og starfsmannafundum. Finna þarf leiðir til að teymin noti raddir barna og foreldra þegar verið er að endurmeta.

Fundaröð

Á vormánuðum fórum við í svokallaða fundarröð en þá voru afmörkuð málefni tekin fyrir. Starfsfólk gat skráð sig á það málefni sem það hafði áhuga á og vildi hafa áhrif á. Misjafnt var eftir málefnum hvort það var einn fundur eða fleiri. Sem dæmi um málefni eru afmæli, aðlögun, foreldrasamtöl og sumarhátíð. Málefni voru endurskoðuð og ígrunduð og komið með hugmyndir að umbótum, verkferlar skýrðir og komið í framkvæmd.

Við ætlum að hafa tvær fundaraðir á næsta leikskólaári og taka þá fyrir þau málefni sem efst eru á baugi þá stundina. Bæði þessir fundir og teymisfundir hafa verði nýttir til símats á verkefnum og gerðar umbætur um leið og þannig verið virkasta verkfærið okkar til innra mats.



Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Dagskipulag	Ígrundun barna	Sex fjögurra barna hópar af Vesturengi og Norðurengi	Börnin voru sátt við flest allt í dagskipulaginu. Best fannst þeim þegar þau fá tíma til að leika sér með vinum sínum. Kubbar voru nefndir sem vinsælasta leikefnið og talað um Lubba og Blæ sem skemmtilegar stundir. Það sem börnin sögðu að væri erfitt og stundum leiðinlegt væri að sitja lengi í samverustundum þegar það er ekkert pláss og þegar önnur börn eru vond við þau.

Úrbætur: Þegar nýtt dagskipulag var gert var passað upp á að góður tími væri fyrir leik barnanna, Lubbi og Blær fengu meira vægi í dagskipulaginu og samverustundir minnkaðar, þ.e. færri börn í hverjum hópi. Barnahóparnir voru markvisst minnkaðir þ.a. hluti barna var inni fyrir hádegi þegar flestir voru í útiveru, þannig skapaðist meira rými fyrir frjálsa leikinn inni.

Matartími barna	Ígrundun barna	Sex fjögurra barna hópar af Vesturengi og Norðurengi	Börnin eru sátt við matinn og finnst flest allt gott og þá sérstaklega var grjónað oft nefndur. Þeim finnst gott að fá ávexti stundum og vatn á deildinni sinni. Börnunum finnst mjög ósanngjarnt þegar starfsfólk er að borða inn á deildum þegar þau mega það ekki. Börnunum finnst leiðinlegt að standa í röð og bíða eftir að þau fái að borða þegar þau gætu verið að leika sér.
-----------------	----------------	--	---

Úrbætur: Starfsfólk má aðeins borða ávexti með börnunum á deild, annað borða þeir í matsal eða kaffistofu starfsfólks.

Gerðar voru ráðstafanir til að minnka raðir í matartímanum en þær hafa ekki dugað og því þessu máli vísað til matsalsteymis til að finna og þróa aðferðir sem koma í veg fyrir langar raðir í matsal.

Samverustundir-málörvun	Starfsmanna-samtöl og deildarfundir	Starfsfólk á deildum	Samverustundir gengu misvel hjá starfsfólki. Mörgum fannst erfitt að vera með stóran hóp barna og að þeir nái þá ekki vel til allra barna. Sumir sögðu að þeir vissu ekki hvað þeir ættu að gera annað en lesa.
--------------------------------	-------------------------------------	----------------------	---

Úrbætur: Börnunum var fækkað í samverustundum, efniviður sem hægt er að nota í samverustundum gerður sýnilegur og í upphafi næsta leikskólaárs verður kynning á þeim efniviði sem til er í Engjaborg og starfsfólki kennt að nota hann með börnum.

Skóladagatal	Í umræðum á fundum	Allt starfsfólk	Það voru allmargir sem ekki fylgdust með leikskóladagatalinu. Þemadagar voru oft án þess að búið væri að undirbúa þá eða gera neitt í kringum þá.
---------------------	--------------------	-----------------	---

Úrbætur: Síðustu vikur hefur fjöggra manna hópur starfsmanna verið að vinna að nýju leikskóladagatali og er það nákvæmara en það gamla, í því eru allar áherslu mánaðarins allt frá því sem meta á í starfinu til hópeflis starfsfólks. Þetta dagatal er fyrir hvern mánuð og verður upp á veggjum leikskólans. Deildarstjórar sjá um að unnið verði eftir skóladagatalinu. Settir voru inn þemadagar en ekki ákveðið efni en stefnt er að því að börnin ákveði hvernig dagur verður, allt eftir því sem er að gerast í starfinu í það og það skipið. Hefðbundið skóladagatal mun fylgja starfsáætlun.



2.1 Ytra mat

2.2 Foreldrakönnun

Skóla - og frístundasvið gerði könnun meðal forelda í mars og apríl 2021 og var þátttaka 83.3%.

Helstu niðurstöður eru hlutfall sammála hefur hækkað í flestum spurningum. Þau svör sem hafa lækkað snúa að aðkomu foreldra að leikskólastarfinu, því sem er að gerast innan veggja leikskólans og þekkingu þeirra á stefnu leikskólans. Styrkleikarnir eru að foreldrar telja að börnin fá tækifæri til að skapa verk/verkefni frá grunni og þau hafi aðgang að skapandi efnivið og að ábendingum foreldra sé vel tekið. Veikleiki eins og áður kom fram upplýsingagjöf, þátttaka foreldra í starfinu og þekking á stefnu leikskólans.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	Spurninga-könnun	Foreldrar	3,86
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	Spurninga-könnun	Foreldrar	3,68
Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins	Spurninga-könnun	Foreldrar	3.53



2.3 Starfsmannakönnun

Skóla- og frístundasvið gerði könnun meðal starfsfólks leikskólans í mars 2021 og þátttaka var 48%. Helstu niðurstöður eru þær að allir þættir hafa lækkað frá síðustu könnun en eru enn yfir meðaltali SFS. Styrkleikar Engjaborgar eru samkvæmt könnuninni jafnrétti og jafnræði, starfsánægja og viðurkenning. Veikleikar eru vinnuálag og metnaður.

Eins og síðustu ár mælist vinnuálag of mikið í starfsáætlun 2020 – 2021 er eitt af markmiðum að hæfilegt vinnuálag fari upp í 3,90, það náðist ekki en hækkað þó úr 3,57 í 3,80, við höldum áfram að finna leiðir til að minnka vinnuálagið.

Þegar þessi könnun var gerð var starfsfólk leikskólans að fara í gegnum breytingar í starfsemi leikskólans því vekur athygli að „metnaður“ mælist aðeins undir meðaltali leikskóla í Reykjavík og þá sérstaklega spurningarnar „Ég er tilbúin að til að takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag“ og „Ég hef áhuga á að takast á við auknar áskoranir í starfi“.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats
Hæfilegt vinnuálag	Starfsmanna-könnun	Starfsmenn	3.80
Metnaður	Starfsmanna-könnun	Starfsmenn	4,39



3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTA-/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Breytingarferli	Að jafnvægi komist á starfsemi leikskólans eftir breytingarferli	Að klára breytingar, veita stuðning við að innleiða þær og að festa breytingar í sessi.	Leikskólastjór i – verkefnastjór i- deildarstjórar	Ág	Feb	Starfsmanna- og teymisfundir. Starfsmanna- könnun	Metnaður 4,5
Vinnuálag	Að starfsfólk upplifi að það hafi stjórn á álagi í starfi	Álagsþættir í starfi skoðaðir og gerðar breytingar.	Deildarstjórar	Okt	Feb	Starfsmanna-, deildar- og teymisfundir. Starfsmanna- könnun	Hæfilegt vinnuálag 3.9
Uppeldis- og menntastarf							
Samverustundir / málörvun	Að starfsfólk sé öruggt í samveru- stundum, að það þekki þann efnivið sem til er og að börnum líði vel í samveru- stundum	Börnum var fækkað í samverustund- um, efniviður sem hægt er að nota gerður sýnilegur. Í upphafi leikskólaárs verður kynning á þeim efnivið sem til er og starfsfólki kennt að nota hann með börnum.	Verkefna- stjóri/ sérkennslu- stjóri	Sep	Des	Ígrundun barna Starfsmanna- samtöl/ starfsmanna- fundir	Að 90% barna finnist gaman í samveru- stund og þeim líði vel í þeim Að 90% starfsfólks telji sig þekkja það efni sem til er og það treysti sér til að hafa fjölbreytt- ar og innihalds- ríkar samveru- stundir



Mannauður/Leikskólabragur							
Röð í matsal	Að börnin þurfi aldrei að vera í langri röð í matsalnum	Fræðsla til starfsfólks. Matsalsteymi finnur og innleiðir aðferðir	Matsalsteymi	Ágúst	Des	Ígrunduna barna.	Að 90% barna upplifi að þau þurfi ekki að standa lengi í mataröð-inni
Leikskólagatal	Að allt starfsfólk viti hvað er á döfinni Börnin taki þátt í að skipuleggja starf leikskólans	Síðustu vikur hefur fjöggra manna hópur starfsmanna verið að vinna að nýju leikskólagatali. Deildarstjórar sjá um að unnið verði eftir þessu dagatali. Þemadagar verða ákveðnir jafnóðum	Deildarstjórar innleiða Dagatalshópur bætir við og tekur út atburði eftir innra mat	Ágúst	Júní	Deildarfundir Starfsmannafundur Ígrundun barna	Að allt starfsfólk viti hvar það getur leitað að viðburðum sem fram undan. Að 90% barna á Vestur og Norður upplifi að þau hafi áhrif á þemadaga
Foreldrar - þátttaka	Að foreldrar upplifi að þeir fái upplýsingar um framfarir og taki þátt í að meta framfari barnsins	Skilgreinum hvað fram fer í foreldrasamtölum.	Verkefnastjóri	Sept	Sept	Næsta foreldrakönnun	„Leikskólinn heldur mér vel upplýst um um framfarir barnsins“ og „Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins“ 4.0
Foreldrar -stefna leikskólans	Að foreldrar þekki stefnu leikskólans	Gerð verði könnun meðal foreldra á því hvaða upplýsingar þeir vilja fá frá leikskólanum og á hvaða formi og eftir það gerð áætlun um upplýsingagjöf	Leikskólastjóri	Sept		Næsta foreldrakönnun	„Ég þekki stefnu/ áherslur og gildi leikskólans“ 4.0



Innra mat							
Raddir barna	Að fá fram raddir barna um málefni leikskólans og nota þær til úrbóta	Í matáætlun er gert ráð fyrir ígrundunarhóp um barna.	Matsteymi og verkefna-stjóri	Ágúst	Apríl	Ígrundun barna í samræmi við matsáætlun	Að þegar gerðar eru umbætur á innra starfi leikskólans verði leitað eftir röddum barna í 80% tilfella
		Skráningar verða skoðaðar með þetta í huga Í hádegisverðinum býður verkefnisstjóri börnum að koma og ræða saman um leikskólastarfið				Skráningar Ígrundunarhópar í hádegisverði	



3.1 Innra mat Vesturengi

Hvað var metið? Menntastefna Reykjavíkurborgar – sjálfsefning

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Á deildarfundum, starfsþróunarsamtölum, gerðar ferilmöppuskráningar og reglulega horft á myndbandið um sjálfsefningu og það rætt.

Hverjir tóku þátt? Starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Við höfum lagt áherslu á að gera umhverfi deildarinnar þannig að börnin geti gegnið sjálf að þeim efnivið sem er í boði hverju sinni. Barn vikunnar lá aðeins í dvala en lagði af stað eftir áramót og blómstruðu börnin í því hlutverki. Starfsmenn hafa hvatt börnin til að gera sjálf og prófa, aðstoða hvert annað og leita svo til kennara.

Hvað var metið? Flæði

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Flæðið var metið reglulega á teymisfundum, deildarfundum, rætt óformlega við börnin og fylgst með þeim í flæðinu.

Hverjir tóku þátt? Þeir starfsmenn leikskólans sem sitja í flæðisteyminu, starfsfólk deildar og börnin óbeint.

Helstu niðurstöður: Börnin eru virkilega áhugasöm í flæðinu og spurðu flesta daga hvort ekki yrði flæði í dag (flæði lá niðri ákveðinn hluta vetrarins vegna... tölum ekki um það). Áhersla hefur verið á að kennarar velji sér svæði þar sem áhugasvið þeirra liggur og bjóði þar upp á efnivið sem vekur áhuga barnanna. Við höfum verið að gera/taka frá ákveðinn efnivið sem er bara í boði í flæði. Flæðið hefur gengið alveg ótrúlega vel og gaman að sjá hvað allt dettur í dúnalogn eftir smátíma þegar börnin eru komin á kaf í flæði.

Það sem helst stendur út af hjá okkur er að við höfum ekki verið nógu formleg í að meta flæðið og á það bæði við ígrundun kennara og barna. Einnig hafa starfsmenn verið misfljótir að skrá sig á svæði og því hefur kynning til barnanna verið stundum af skornum skammti. Einnig má auka þann efnivið sem er í boði bara í flæði.

Úrbætur: Við ætlum að gera rafræna flæðistöflu þannig að starfsfólk deilda geti skráð sig á svæði í spjaldtölvu deildarinnar og í beinu framhaldi er hægt að setja það myndrænt upp inn á hverri deild. Byrjað er að auka þann efnivið sem er sérmerktur flæðinu. Og til gamans þá erum við að þróa Sumarflæði sem er í boði á lóð leikskólans.

Hvað var metið? Val um útiveru

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Á starfsmannafundum, deildarfundum, stjórnateymisfundum og ígrundun með börnunum.

Hverjir tóku þátt? Allir starfsmenn leikskólans á mismunandi fundum.

Helstu niðurstöður: Ákveðið var að gera róttækar breytingar á dagskipulaginu, þannig að þessi liður á í raun ekki við lengur.



UMBÓTA- / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin	Að börnin fái tækifæri til að vera öflugir þátttakendur í að móta starf leikskólans	Innleiða könnunar- aðferðina	Deildarstjóri /allt starfsfólk	Sept	Des	Ígundun barna Starfsmann- fundir	Að vísbendingar sýni að börnin upplifi að þau hafi áhrif á starfsemi leikskólans Að starfsfólk upplifi að það geti unnið með börnum að könnunarað- ferðinni
Skráningar	Að vinna eftir skráningar- áætlun leikskólans	Að finna leiðir til að virkja allt starfsfólk í skráningum og gerð verður áætlun til þess	Deildarstjóri	Sept	Des	Skráningar- listi matteymis	Að búið sé að klára skráningar- listann
„Gefðu 10“	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstækifær- um.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri	Nóv	Feb	Gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Markmið og mat á eign námi	Að börn setji sér markmið í námi og meti sitt eigið nám/færni	Í upphafi skólaárs setji elstu börnin sér markmið sem þau ætla að ná um veturinn og endurskoðað um áramót	Verkefna- stjóri	Sept	Des	Samtöl við börnin	100% barna hafa náð sínu markmiði
Barn vikunnar	Að barnið njóti sín sem einstaklingur í leikskólanum og að sjálfsmyndin eflist. Efla samstarf milli heimili og skóla	Að innleiða nýja áætlun	Deildarstjóri	Sept	Maí	Gátlisti	Að öll börn séu „barn vikunnar“ og farið sé eftir áætlun í öllum tilfellum.



3.2 Innra mat Norðurengi

Hvað var metið: *Menntastefna Reykjavíkurborgar*

Hvenær: Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið: Á deildarfundum og starfsþróunarsamtali

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Starfsfólk hefur lagt áherslu á að börnin prófi fyrst sjálf og notaði til þess setninguna „Prófaðu tvisvar og svo skal ég hjálpa þér“. Í samveru- og sögustundum er lögð áhersla á að börnin fái að spjalla, spyrja spurninga og segja frá.

Hvað var metið: *Flæði*

Hvenær: Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunnarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Börn og starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Börnin tala um að flæði sé skemmtilegur tími í leikskólanum. Á starfsmannafundum var lögð áhersla á að starfsfólk hafi efnivið í flæði sem er krefjandi og tekur mið af þörfum barnanna. Starfsfólk talar um að í flæði hafi verið fjölbreyttur efniviður þar sem öll börn gátu fundið sér verkefni.

Umbætur: Að starfsfólk vinni eftir því sem flæðisteymið leggur fyrir og ígrundi hvað það er að gera til dæmis með að nota flæðisblaðið.

Hvað var metið: *Útivera*

Hvenær: Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið: Á deildarfundum og ígrundunnarhópum barna

Hverjir tóku þátt í matinu: börn og starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Ákveðið var að gera róttækar breytingar á dagskipulaginu, þannig að þessi liður á ekki við lengur.

Hvað var metið: *Styrkleikar og áhugasvið barna*

Hvenær: Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið: Ferilmöppur barna

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Styrkleikar og áhugasvið barna sjást vel þegar farið er yfir möppur barnanna. Styrkleika og áhugasviðs-skráningar fóru upp á vegg í hæð barnanna og gátu börnin rætt og skoðað skráningarnar.

Umbætur: Nota skráningarnar til að sýna börnin styrkleika þeirra.

UMBÓTA- / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin	Að börnin fái tækifæri til að vera öflugir þátttakendur í að móta starf leikskólans	Innleiða könnunar- aðferðina	Deildarstjóri/ allt starfsfólk	Sept	Des	Ígundun barna Starfsmanna- fundir	Að vísbendingar sýni að börnin upplifa að þau hafi áhrif á starfsemi leikskólans Að starfsfólk upplifi að það geti unnið með börnum að könnunar- aðferðinni
	„Gefðu 10“	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstæki- færum.	Gert verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri	Nóv	Feb	Gátlisti
Barn vikunnar	Að barnið njóti sín sem einstaklingur í leikskólanum og að sjálfsmyndin eflist. Efla samstarf milli heimili og skóla	Að innleiða nýja áætlun	Deildarstjóri	Sept	Maí	Gátlisti	Að öll börn séu „barn“ vikunnar“ og farið sé eftir áætlun í öllum tilfellum.



3.3 Innra mat Austurengi

Hvað var metið? *Menntastefna Reykjavíkurborgar- sjálfsefning*

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Á deildarfundum, starfsmannasamtölum, skráningar og reglulega horft á myndbandið um sjálfsefningu og þau rætt.

Hverjir tóku þátt? Starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Við höfum lagt áherslu á að gera umhverfi deildarinnar þannig að börnin geti gengið sjálf í efniviðinn sem er í boði hverju sinni. Við höfum hvatt börnin til að gera sjálf og prófa að klæða sig í og úr fötum, að prófa sjálf að hella í glös og starfsfólk aðstoðar þau. Eftir áramót lögðum við af stað með barn vikunnar og börnin blómstruðu í því hlutverki.

Hvað var metið? *Flæði*

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Á Stjórnteymisfundum, Flæðisteymisfundum og deildarfundum.

Hverjir tóku þátt? Starfsfólk deilda.

Helstu niðurstöður: Flæðið hefur gengið vel, börnin fá fjölbreytt verkefni við sitt hæfi. Starfsfólk skráir sig á svæðin sem það hefur áhuga að bjóða uppá, minnkar álag á deildum. Við þurftum svo að hætta með flæðið á tímabili, vegna hvers?? svo máttum við hafa flæðið aftur eftir nokkurn tíma og allir alsælir. Við breyttum svo núna í sumarflæði sem er úti, starfsfólk skráir sig á þau svæði sem eru í boði og skrifa hvað þeir bjóða uppá.

Hvað var metið? *Útivera*

Hvenær? Veturinn 2020-2021

Hvernig var metið? Stjórnteymisfundir, deildarfundir

Hverjir tóku þátt? Starfsfólk deildarinnar, samræður á starfsdögum.

Helstu niðurstöður? Síðast liðin vetur fóru tveir hópar út f.h. og einn hópur inni í verkefni, s.s. hver hópur einu sinni í viku inni, þetta reyndist bæði börnum og starfsfólki vel þar sem börnin inni voru fá og gátu notið sín með einum kennara í ýmsum verkefnum.

Hvað var metið? *Sýnin á barnið*

Hvenær? Veturinn 2020- 2021

Hvernig var metið? starfsfólk deildarinnar, ferilmöppur, foreldraviðtöl.

Hverjir tóku þátt? starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður? Starfsfólk telur sig sjá styrkleika og áhugasvið baranna í skráningum sínum og að það vinni út frá þeim og það telur að flæðið endurspegli styrkleika og áhugasvið allra barna.

UMBÓTA- / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Könnunaraðferðin	Að börnin fái tækifæri til að vera öflugir þátttakendur í að móta starf leikskólans	Innleiða könnunar- aðferðina	Deildarstjóri / allt starfsfólk	Sept	Des	Ígundun barna Starfsmanna- fundir	Að vísbendingar sýni að börnin upplifi að þau hafi áhrif á starfsemi leikskólans Að starfsfólk upplifi að það geti unnið með börnum að könnunar- aðferðinni
Skráningar	Að vinna eftir skráningar- áætlun leikskólans	Að finna leiðir til að virkja allt starfsfólk í skráningum og gerð verður áætlun til þess	Deildarstjóri	Sept	Des	Skráningarlisti matteymis	Að búið sé að klár skráningar- listann
„Gefðu 10“	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstæki- færum.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri	Nóv	Feb	Gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Barn vikunnar	Að barnið njóti sín sem einstaklingur í leikskólanum og að sjálfmyndin eflist. Efla samstarf milli heimili og skóla	Að innleiða nýja áætlun	Deildarstjóri	Sept	Maí	Gátlisti	Að öll börn séu „barn vikunnar“ og farið sé eftir áætlun í öllum tilfellum.



3.4 Innra mat Suðurengi

Hvað var metið: *Menntastefna Reykjavíkurborgar – sjálfræði barna*

Hvenær: Apríl 2021

Hvernig var metið: Á deildarfundi

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Starfsfólk telur sig hafa tileinkað sér þær starfsaðferðir sem koma fram í myndböndunum.

Hvað var metið: *Hreyfing*

Hvenær: Nóvember og mars

Hvernig var metið: Skráningarlisti

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildar

Helstu niðurstöður: Hreyfisöngvar eru í hverri söngstund. Tvisvar sinnum í viku er hreyfing og dans í samverustund. Ánægja er meðal starfsfólks með þetta og ætlar það að halda þessu áfram.

Hvað var metið: *Vináttuverkefnið*

Hvenær: Jan -júní

Hvernig var metið: Skráningarblað og myndaskráningar.

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk og börn.

Helstu niðurstöður: Blæstundir voru einu sinni í viku og almenn ánægja hjá börnum og starfsfólki. Þessu verður haldið áfram næsta leikskólaár.

Hvað var metið: *Könnunarleikurinn og efling orðaforða*

Hvenær: Nóvember – apríl

Hvernig var metið: Skráningarblað, myndaskráningar og foreldrasamtöl.

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deilda, börn og foreldrar.

Helstu niðurstöður: Könnunarleikurinn var einu sinni í viku og gekk almennt vel, einn starfsmaður bar ábyrgð á henni. Börnin nutu sín í þessari stund og vildu alltaf fara. Fram kom í foreldrasamtölum almenn ánægja foreldra með þessa stund. Sögustund með brúðum féll oft niður og var ekki markvisst, má tengja það meðal annars breytingum á dagskipulagi.

Umbætur: „Sögustund með brúðum“ verður sett markvisst í starfið með börnunum í haust.



UMBÓTA- / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
„Gefðu 10“	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölga og jafna námstækifærum.	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“	Deildarstjóri	Nóv	Feb	Gátlisti	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni
Barn vikunnar	Að barnið njóti sín sem einstaklingur í leikskólanum og að sjálfsmyndin eflist. Efla samstarf milli heimili og skóla	Að innleiða nýja áætlun	Deildarstjóri	Sept	Maí	Gátlisti	Að öll börn séu „barn vikunnar“ og farið sé eftir áætlun í öllum tilfellum.
Flæði	Að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans	Eftir áramót taka börn þátt í flæðinu á sínum forsendum	Deildarstjóri	Janúar	Mars	Gátlisti	Börn af Suðurengi taka þátt í flæðinu 4 daga í viku eftir áramót
Sögustund með brúðum	Að efla orðaforða	Gerð verður áætlun þar sem þessum stundum er skipt á milli starfsfólks	Deildarstjóri	Feb	Apríl	Gátlistar	Stundirnar eru í 80% tilfella sem þær eiga að vera

4 Innra mat sérkennslu

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð?	Sérkennsla fór að mestu fram inni á deild í barnahópnum og fundnar voru leiðir fyrir hvert og eitt barn. Starfsmenn skiptu með sér verkum og báru ábyrgð á ákveðnum stundum dagsins. Í undantekningar tilfellum var barn eitt með kennara í stundum sérstaklega gerðar fyrir barnið og var lögð áhersla á að efla þá færni síðan inni á deild barnsins og með barnahópnum. Gerð var einstaklingsnámskrá fyrir þá sem nutu stuðnings. Boðið var upp á litla leikhópa þar sem börn fengu tíma og rými og leiðsögn kennara til að efla félagsfærni sína.
Hvaða matsgögn voru notuð?	Hljóm-2, AEPS, TRAS, EFI, Íslenski máhljóðamælirinn, ABLLS.
Hvaða námsefni var notað?	Það námsefni sem til er í leikskólanum, eftir færni og þroska hvers barns.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTA- / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýrara verklag	Að hafa meira skipulag og betri yfirsýn yfir sérkennslu og stuðning	Með meiri skráningum, speglun og utanumhaldi.	Sérkennslustjóri	Nóv	Feb	Með stuðningsaðilum Stjórnteymisfundum	Að vísbendingar um að starfsfólk upplifi meira öryggi í starfi sem stuðningsaðilar.
Mælitæki	Að nýta þau mælitæki sem eru til staðar markvisst.	Með því að tímasetja notkun þeirra og vinnslu.	Sérkennslustjóri	Nóv	Maí	Skráningarlisti	Að til sé skráningarlisti yfir 100% mála sem koma til sérkennslustjóra

5 Innra mat – Fjöltýngd börn

5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltýngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltýngdra barna ráðstafað?	Laun sérkennslustjóra
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Unnið er með „Gefðu 10“ og samskiptaorðabækur sem fara milli heimilis og skóla. Tákn með tali er notað með öllum börnum leikskólans.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?	Samverustundir eru í litlum hópum og unnið er með orðaskjóðu, orðaspjall og leik að orðum.
Er fylgst með framförum fjöltýngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?	Með skráningum, hlustun og þátttöku í leikskólastarfinu, þ.e. samskipti í leik og í athöfnum dags daglega. TRAS, EFI og málhljóðamælirinn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er gert með skráningum í leik og vinnu með minni hópum. Markvissri vinnu í samverustundum. Tákn með tali. Í flæði vinnur barnið eftir sínu áhugasviði og með styrkleika sína.

5.1 Umbótaáætlun – fjöltýngi 2021-2022

UMBÓTA-/MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráðar framfarir	Innleiða skráningar-tækið „Einn leikskóli- mörg tungumál“.	Sérkennslustjóri velur tvö börn í samráði við deildarstjóra. Vinnur listann í samráði við starfsfólk deildar barnsins.	Sérkennslustjóri	Okt	Apr	Deildarfundum	Búið sé að gera listana með tveim börnum og yfirfara eins og mælt er með samkvæmt höfundum
Einstaklingsnámskrá	Að gerð verði einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem deildarstjóri og foreldrar hafa meti að þurfi á því að halda	Fyrir og eftir foreldrasamtöl. Farið yfir barnahópin og meta hverjir þurfi einstaklingsnámskrá og svo fundir tvisvar á ári til þess að meta framfarir og þörf.	Sérkennslustjóri	Jan	Mái	Fundir með deildarstjórum Foreldrasamtöl þeirra barna sem eiga einstaklingsnámskrá.	Skýrar vísbendingar um að starfsfólk og foreldrar þekki einstaklingsnámskrá og að þeir upplifi skýrari verkferla og utanumhald.

6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

6.1 Starfsþróun leikskólaárið 2020 -2021

„Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar“ – námskeið á starfsdegi

Skyndihjálpi – námskeið á starfsdegi

Blær – Átta starfsmenn fóru á námskeið Barnaheillar um „Vináttuverkefnið Blæ“.

Forystunám Reykjavíkurborgar - Aðstoðarleikskólustjóri

Fagnámskeið 1 og 2 – Jana

Kynning á Grænum skrefum - allt starfsfólk

6.2 Starfsþróun leikskólaárið 2021 – 2022 – Áætlun

Starfsfólk Engjaborgar fékk ásamt þremur vinaleikskólum styrk úr B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og gerum við ráð fyrir að mesti hluti starfsþróunar tengist því verkefni. Verkefni heitir „Flæði og samþætting“. Skipulagning þessa verkefnis er enn á frumstigi en gert er ráð fyrir að **deildarstjórar** hitti deildarstjórnara af hinum leikskólunum reglulega, fái fræðslu og ígrundi saman og komi svo í sinn leikskóla fræði samstarfsfólk og leiði starfið áfram á sinni deild.

Önnur fræðsla sem skipulögð hefur verið tengist þróunarverkefninu og er þessi:

Á starfsdögum: **Könnunaraðferðin, Lubbi og útinám.**

Þeir starfsmenn sem eiga eftir að fara á **Blæ** námskeið fara fyrir áramót.

Brynja aðstoðarleikskólustjóri og Inga verkefnastjóri munu sækja námskeiðið Menntafléttu Menntavísindasviðs „**Náttúruvísindi, tækni og málörvun í leikskóla**“.

Pála leikskólustjóri mun sækja námskeiðið Menntafléttu Menntavísindasvið; „**Forysta um nám: Skólastjórnendur í hringið breytinga**“.

Jana leiðbeinandi mun sækja námskeið og læra til **leikskólaliða**

Hrefna deildarstjóri er læra til **leikskólakennara**

6.3 Fastir liðir og nýir í starfsþróun

Stjórnunarteymi leikskólans fundar einu sinni í viku og fer þar fram stefnumótun og skipulag starfsins.

Leikskólustjóri, aðstoðarleikskólustjóri, sérkennslustjóri og verkefnastjóri hittast einu sinni í viku og fara yfir þau verkefni sem fyrir liggja og skipta með sér verkum.

Deildarfundir er einu sinni í viku þar sem málefni deilda eru rædd og þar fer fram skipulagning á starfi deildarinnar.

Teymisfundir eru einu sinni í mánuði og skipuleggur leikskólastjóri hvaða teymi hittist þá vikuna. Teymin stýra ákveðnum verkefnum í starfi leikskólans. Í upphafi leikskólaársins fara af stað; hegðunarteymi, sköpunarteymi, matsteymi, matsalsteymi, grænskrefteymi, útiveruteymi og flæðisteymi. Teymin geta verðið lögð niður, sameinuð og ný sett á fót allt eftir því sem starfsemi leikskólans þarfnast.

Fundarraðir verða tvær og þá tekin fyrir þau málefni sem hæst bera þá stundina. Starfsfólk velur það málefni sem höfðar til þess og sér um að endurmeta, skýra verkferla og koma í framkvæmd.

Þetta leikskólaár ætlum við að þróa okkur í snerpusamtölum. Deildarstjórar eiga samtal við starfsfólk deilda annan hvern mánuð, leikskólastjóri á samtal við stjórnendateymi leikskólans annan hvern mánuð. Búið er að ákveða þema viðtalsins fyrir fram, starfsmenn setja sér markmið fyrir næsta samtal og það svo skoðað í því næsta. Búið er að setja í leikskóladagatalið hvernær samtölin eiga að vera. Leikskólastjóri vinnur að verkferlum og kynnir fyrir starfsfólk á fyrsta starfsdegi leikskólaársins.

Starfsþróunarsamtöl eru í mars/apríl og það er leikskólastjóri sem tekur þau.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Engjaskóla, Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfinu í grunnskólanum og aðstæðum í frístundarheimili Brosbæ.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

7.1 Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2021 – 2022

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
19. ágúst kl. 9.00	Farið yfir niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn með hverju barni.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga og forstöðumenn í frístund
10. sept. kl. 14.00	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastiganna.	Engjaskóli - bókasafn	Kennarar beggja skólastiga og stjórnendur.

11. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk.	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
16. nóv. kl. 10.00	5. bekkur í Engjaskóla les fyrir börnin í Engjaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Nokkur börn mæta í einu.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
19. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann. Hittast niðri við salinn.	Engjaskóli	Stjórnendur, Engjaskóla hafa samband við leikskólana
10. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Engjaskóla. Jólalögin sungin. Heitt súkkulaði í boði grunnskólans og piparkökur í boði leikskólans.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
14. des. kl. 9.00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólunum frá grunnskólabörnunum í Engjaskóla.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
26. nóv. kl. 10.00-11.00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
15. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og nemendur hafa það gaman saman	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt í bekk Engjaskóla. Börnin fara í hópum. Ákveðið þegar nær dregur.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
20. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti. Leikskólabörn í tveimur hópum fara í kennslustund hjá 1. bekk	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
13.mái Kl 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Engjaskóla á vegum grunnskólans. <u>Foreldrar fara með sínu barni</u>	Engjaskóli	Skólastjórnendur grunnskóla



Maí	Æfingar elstu barna leikskólans fyrir útskrift/kveðjustund fara fram í Engjaskóla	Engjaskóli	Deildarstjórar sjá um að bóka sali hjá skrifstofustjórum grunnskólans.
20. maí kl. 9:00	Elstu börn Engjaborgar bjóða 1. bekk á generalprufu útskriftar/kveðjustundar.	Engjaskóli	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
25. maí kl. 17:30	Útskrift/kveðjustund. Elstu börn leikskólans bjóða foreldrum og gestum í sal Engjaskóla. Söngur og fleira skemmtilegt. Eftir það er komið saman á Engjaborg notið veitinga og spjallað.	Engjaskóli og Engjaborg	Deildarstjóri sér um að bóka sal hjá Ásu
11. mars kl. 13:00-14:00 (óstaðfest) 6. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbæ. Fyrri heimsókn, kynning á starfi og reglum. Seinni heimsókn, þátttaka í starfi frístundaheimilanna.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
21. júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Engjaskóli	Stjórnendur beggja skólastiga. Deildarstjórar

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári í október og mars. Hjá elstu börnunum er í apríl/maí. Auk þessa geta foreldrar alltaf beðið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal.

Foreldrum er boðið að taka þátt í viðburðum eins og bóndadagskaffi og konudagskaffi og sumarhátíð.

Starfandi er foreldrafélag sem styður við starf leikskólans og sér um ýmsa viðburði.

Kosið er í foreldraráð í upphafi leikskólaársins og starfar leikskólastjóri með foreldraráðinu.

Foreldraráðið gefur umsagnir um áætlanir leikskólans og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar innan leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

6 . september Könnunaraðferðin kl. 13.00 -15.30

4. október Lubbi finnur málbein kl. 8.30 -12.00

26. nóvember „Flæði og samþætting“ kl. 8.30-12.00

4. febrúar Útinám

25. mars Óákveðið

9. maí Óákveðið

4. október, 4. febrúar og 9. maí eru sameiginlegir dagar með leikskólum og grunnskólum í Grafarvogi.

26. nóvember er sameiginlegur starfsdagur með Funaborg, Hólaborg og Sunnufold.

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Matsáætlun 2021 – 2022 – sent sem viðhengi

Sýnishorn af skóladagatali – janúar 2022 – sent sem viðhengi

Hefðbundið skóladagatal – sent sem viðhengi

F. h. Engjaborgar

24. júní 2021

Pála Pálsdóttir
Leikskólastjóri



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Björg Inga Erlendsdóttir

Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Helga Margrét Clarke

Lakmali Perera

Sara Sigurjónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Engjaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2021 – 2022. Er það mat ráðsins að starfsáætlun sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar setur leikskólum borgarinnar og að fjallað sé um öll þau atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá Reykjavíkurborgar fyrir leikskóla.

Leikskólarárið sem nú er að líða var mjög óvenjulegt eins og árið á undan og þá fyrst og fremst vegna áframhaldandi COVID19 faraldurs. Mikið hefur reynt á stjórnendur og starfsmenn Engjaborgar sem hafa að mati foreldraráðs staðið sig afskaplega vel, bæði hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra og eins útsjónarsemi starfsmanna.

Starfsmenn Engjaborgar eru metnaðarfullir og bera mikla umhyggju fyrir börnunum, vel er tekið á móti börnunum við komu á morgnana og þeim fylgt yfir á sína deild og eins eru þau kvödd í lok dags. Starfsfólk er vel kunnugt börnum utan sinna starfsdeilda og þekkir öll börnin í skólanum. Starfsfólk gefur sér einnig góðan tíma til þess að tala við foreldra þegar komið er með börnin í skólann eða þau sótt sem veitir okkur foreldrum mikið öryggi.

Mikið hefur verið gert í að bæta aðbúnað fyrir börnin og starfsmenn, bæði innan- og utanhúss, sem er mikil lyftistöng fyrir starfið. Vikupóstar með fréttum og myndum eru sendir út á öllum deildum á föstudögum og er þeirra beðið með mikilli eftirvæntingu á flestum heimilum. Þetta tengir betur saman skóla og heimili og er mikil ánægja meðal foreldra sem ná að fylgjast mikið betur með starfinu. Nú er kominn snjallsími á hverja deild sem auðveldar foreldrum enn frekar að eiga samskipti við starfsmenn. Áframhaldandi innleiðing á Völu hefur einnig aukið tengingu foreldra við starf leikskólans, reglulegar myndbirtingar, tilkynningar og eins yfirlit um viðveru barnanna.

Innra mat leikskólans er ítarlegt. Umbótaáætlanir eru gerðar fyrir hverja deild fyrir sig, sem er mjög jákvætt og mikilvægt. Umbótaáætlanir fyrir næsta leikskólaár bera merki um faglegt og metnaðarfullt starf.

Sökum aðstæðna í samfélaginu gáfust foreldrum ekki sömu tækifæri til að koma og kynnast starfinu í Engjaborg eins og fyrri ár en vonandi verða aðstæður á næsta leikskólaári hagstæðari og þátttaka foreldra því meiri í starfi leikskólans.

Foreldraráð telur leikskólann Engjaborg heilt yfir vel rekinn og faglega staðið að öllu starfi og horfir jákvæðum augum til næsta leikskólaárs.

Reykjavík, 7. júlí 2021

F.h. foreldraráðs Engjaborgar,

Björg Inga Erlendsdóttir

Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Helga Margrét Clarke

Lakmali Perera

Sara Sigurjónsdóttir





Matsáætlun 2021-2022

Innra mat snýst um að leikskólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum. Við viljum vita hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Flæði	Að boðið sé upp á fjölbreytt viðfangsefni sem eru krefjandi og tekur mið af færni hvers barns. Að börnunum finnist skemmtilegt í flæði.	Að allar vísbendingar bendi til að börnin fái að velja hvað þau gera í flæði og finnist það áhugavert.	Teknar myndir af flæðisspjaldi einu sinni í viku KÓ Ígrundunarhópar barna 1x í mánuði Matsteymi Flæðisblað starfsfólks Deildarstjórar	Jan – mars	Flæðisteymi og matsteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Samveru stundir og málörvun	Að samverustundir séu við hæfi allra barna, áhugasviðs þeirra og þroska	Að 90% barna gaman í samverustund og þeim líði vel í þeim Að starfsfólks telji sig þekkja það efni sem til er og það treysti sér til að hafa fjölbreyttar og innihaldsríkar samverustundir	Ígrundunarhópur barna Starfsmannasamtöl/ starfsmannafudnir	Sept – des	Matsteymi

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið um árangur	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Röð í matsal	Að börnin þurfi aldrei að vera í langri röð í matsalnum	Að 90% barna upplifi að þau þurfi ekki að standa lengi í matarröðinni	Ígrundunarhópur barna	Ágúst - des	Matsals og matsteymi

Janúar 2022 – Námsumhverfið og leikefni

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	
					• Verkfæri kennarans • Mat: samskipti og vinatengsl • EFI-2 → tengt 4 ára afmælisdegi • HLJÓM-2 • Starfsmannasamtal: leikskólastjóri - deildarstjórar • Velliðan – Hvað er velliðan? Hvað getum við gert til að okkur líði vel saman? • Kynning og upprifjun á málörvunarefni leikskólans á FB • Lubbi byrjar á Suðurengi → máhljóðið A • 28. Suðurengi býður upp á meðlæti inni á kaffistofu • Austurengi sér um starfsmannagleði
3 Fundardagur	4	5	6 Prettándinn Vasaljósadagur	7 Barn vikunnar hjá 2019 og 2020 árg.	
10 Fundardagur	11 Þróunarfundur kl.8.30-10.30	12	13	14	
17 Fundardagur	18	19	20 Fundur leikskólastj.	21 Bóndadagurinn og bóndakaffi	
24 Fundardagur	25	26	27 Leikfangaskipti	28 Þemadagur og vinafundur	
31 Fundardagur					

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ															
1	S		1	M		1	F	Eldvarnareftirlit	1	M		1	M	Foreldrakaffi /jólátré upp	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ		1	Þ		1	F	Bókabíó	1	S	Verkalyðsdagurinn	1	M	/Evintýraengi byrjar
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	M		2	M		2	L		2	M		2	F	
3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	F		3	M		3	F		3	F		3	F		3	S		3	Þ		3	F	
4	M		4	L		4	M	Starfsdagur	4	F	Jarðskjálfaæfing	4	L		4	Þ		4	F	Starfsdagur	4	F		4	F		4	M		4	M		4	L	
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	L		5	Þ		5	F		5	S	Hvítasunnudagur
6	F		6	M	Starfsdagur	6	M		6	L		6	M		6	F	Vasaljósadagur	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	S		6	M		6	F		6	M	Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ		7	F		7	S		7	Þ		7	F	Barnvikunar 2019/20	7	M		7	M		7	M		7	F		7	L		7	Þ	
8	S		8	M	Dagur læsis/orðaspjall byrjar	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ		8	Þ		8	F		8	S		8	M	
9	M	Síðasti dagur sumarleikskóla	9	F	Aðlögun hópur 2	9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M		9	M		9	L		9	M		9	F	
10	Þ	Sumarorlofstímabili lýkur	10	F		10	S		10	M		10	F	Bókabíó	10	M		10	F		10	F		10	F		10	S	Pálmásunnudagur	10	Þ		10	F	
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	F		11	M		11	M		11	L	
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	L		12	Þ		12	F		12	S	Sjómannadagurinn
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	S		13	M		13	F		13	M	
14	L		14	Þ		14	F	Brunaæfing	14	S		14	Þ		14	F		14	M	Bolludagur	14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F	Skírdagur	14	L		14	Þ	
15	S		15	M		15	F		15	M		15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ		15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S		15	M	
16	M		16	F	Könnunaraðferðin byrjar	16	L		16	Þ	Lubbi byrjar 2016/17/18	16	F		16	S		16	M	Öskudagur	16	M		16	M		16	L		16	M		16	F	Sumarhátíð
17	Þ		17	F	Barn vikunar byrjar	17	S		17	M		17	F	Jólaball	17	M		17	F		17	F		17	F		17	S	Páskadagur	17	Þ		17	F	Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F	Konudagskaffi	18	F	Þemadagur/vínafundur	18	F		18	M	Annar í páskum	18	M		18	L	
19	F		19	S		19	Þ		19	F	Þemadagur vínafundur	19	S		19	M		19	L		19	L		19	L		19	Þ		19	F		19	S	
20	F	Útskrift	20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	S		20	M		20	F	Þemadagur vínafundur	20	M	
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Náttfataball	21	F	Bóndadagur/bóndakaffi	21	M		21	M		21	M		21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L		21	Þ	
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ		22	Þ		22	F		22	S		22	M	
23	M	Aðlögun milli deilda	23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ	Bókunardagur	23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M		23	M		23	L		23	M		23	F	
24	Þ	Aðlögun milli deilda	24	F	Þemadagur/vínafundur	24	S		24	M	Bókunardagur	24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F		24	F		24	S		24	Þ		24	F	
25	M	Aðlögun milli deilda	25	L		25	M		25	F	Bókunardagur	25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F	Þemadagur/vínafundur	25	F	Starfsdagur	25	F		25	M		25	M		25	L	
26	F	Aðlögun hópur 1	26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F	Starfsdagur/jólagleði	26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur	26	S	
27	F		27	M		27	M	Alþjóðlegi bangsadayurinn	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	S		27	M		27	F		27	M	
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	Þ		28	F	Þemadagur/vínafundur	28	M		28	M		28	M		28	F		28	L		28	Þ	
29	S		29	M		29	F	Hrekkjavaka	29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	Þ		29	F	Þemadagur/vínafundur	29	S		29	M	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	M		30	L		30	M		30	F	
31	Þ				31	S						31	F	Gamlársdagur	31	M					31	F							31	Þ					

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.